

5. Frumvarp til laga

um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

(Lagt fyrir alþingi 1935).

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þúsund krónur á ári í næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1936.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í rikissjóð til ársloka 1936.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í rikissjóð til ársloka 1936.
4. Framkvæmd 2. og 3. gr. laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1936.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1936.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 81 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., er frestað til ársloka 1936.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1936 framlögum samkv. 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl., til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1936.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Ekki þykir annað fært en að leggja til, að frestað verði 1936 framkvæmd þeirra lagaákvæða, sem frv. fjallar um og eru þau sömu sem alþingi 1934 samþykkti, að frestað yrði framkvæmd á árið 1935. Er því ætlazt til, að frv. komi í stað laga nr. 28 9. jan. 1935.